

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum og fleiru.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá bryggjum sildarverksmiðja ríkisins, suður að svo kölluðu Anleggi og á móts við það og suður að því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Hraðfrystihús og lóðarréttindi h/f Hrimnis (Þormóðsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélagsins „Jarlinn“ (Þormóðsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Henrikssen (Hinriksreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen (Búðarreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Egils Ragnars (Hjaltareitur).

Vélsmiðja Siglufjarðar, eign Magdalenu Olsen.

Sildarstöð og lóðarréttindi dánarbús Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Edvins Jacobsen (Sæbyreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi dánarbús Ingvars Guðjónssonar (Kveldúlfsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalíns (Hjaltalínsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagsins „Ísafold“ (Friðleifsreitur).

Hraðfrystihús Sameignarfélagsins „Ísafold“ (Friðleifsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Alfons Jónssonar (Helgareitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Ole Tynes (Álalækjarreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi h/f „Sunn“ (Ólagata 4).

Sildarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Snorragata 1).

Sildarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).

Sildarstöð og lóðarréttindi h/f „Njörður“ (Snorragata 9).

Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorragata 11).

Sildarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h/f, ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupréttur að lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum, sem hér segir:

Norðurgata 21, eign Garðars Guðmundssonar.

Norðurgata 23, eign Jóhanns G. Sigurjónssonar.

Norðurgata 27 til 32, eign barna Guðmundar Hannessonar.

Ránargata 2, Kamsreitur, eign Ólíuverzlunar Íslands h/f.

Þormóðsgata 1, eign Þormóðs Eyjólfssonar.

Þormóðsgata 2 A, eign dánarbús Jónínu Jónasdóttur.

Samþykkt þessi öðlast gildi 7. september 1944 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. ágúst 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.